

AIC - ÍSLAND/ICELAND

FLUGSTOÐIR ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík /
ISAVIA, Reykjavik Airport, IS-101 Reykjavik, Iceland
Sími/Telephone: + 354 424 4000 – Símbréf/Telefax: + 354 424 4001
Netfang/E-mail: flugstodir@flugstodir.is – Veffang/Internet address: <http://www.flugstodir.is>

AIC
B 03 / 2007

08 JUN 2007

ICELANDIC



ENGLISH

Lendingar eða flugtök utan flugvalla

Leiðbeiningarefni: Viðmið varðandi landingar eða flugtök utan flugvalla með starfsleyfi frá Flugmálastjórn Íslands.

Aths: Gildir ekki um landingar/flugtök sjóflugvéla eða þyrlna.

Við flugtök eða landingar utan flugvalla með starfsleyfi er mælt með að landingar-/flugtakssvæðið uppfylli þau viðmið sem talin eru upp í töflunni hér að neðan:

This AIC is only issued in Icelandic

	Texti	Viðmið
A.	Lendingar og flugtakssvæði	
	1. Lengd tiltæks landingar/flugtakssvæðis	Flugtak Minnsta nauðsynlega vegalengd til að ná 15 m (50 feta) hæð yfir flugtakssvæði í samræmi við flughandbók ásamt þeim leiðréttingum til viðbótar sem gerð er krafa um í Reglugerð um lágmarksafkastagetu flugvéla, nr. 263/1986. Lending Minnsta nauðsynlega vegalengd úr 15 m (50 feta) hæð yfir landingarsvæði í samræmi við flughandbók ásamt þeim leiðréttingum til viðbótar sem gerð er krafa um í Reglugerð nr. 263/1986.
	2. Breidd landingar/flugtakssvæðis (innifelur flugtaks- og landingarflöt)	30 m.
	3. Breidd flugtaks- og landingarflatar	10 m.
	4. Yfirborð flugtaks- og landingarflatar	Yfirborð flatarins skal vera það slétt að flugvél geti án óþæginda náð hraða sem jafngildi flugtakshraða.
	5. Mesti lengdar og þverhalli.	3%
B.	Aðflugs- og brottflugssvæði	
	1. Innri breidd	30 m.
	2. Gleikkun	10% (6°)
	3. Halli	1:20 (5%)
	4. Heildar lengd	500 m.
C.	Hindranafriir fletir	
	1. Hindranafriir fletir skulu ná upp í 25 m yfir flugtaks- /landingarsvæðið.	1:3 (=30%)
	2. Þar sem vegur opinn fyrir umferð liggur í	Miða skal við að bill sem er 4.8 m aðflugslínu landingarsvæðis á hæð nái ekki inn í flöt sem reiknaður er sem 1:25 frá punkti staðsettum að lágmarki 30 metra utan við landingarþröskuld.

